

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 11. maí 2011 samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjar í Mosfellsbæ, sem samþykkt var 22. desember 2010. Breytingin felst í því að við austurmörk lóðar framhaldsskóla við Háholt er settur inn nýr byggingarreitur fyrir sorpgeymslu, 5 x 7 m að stærð.

Breytingin hefur hlotið meðferð sem óveruleg breyting samkvæmt 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en fallið var frá grenndarkynningu þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og lóðarhafans.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 17. maí 2011,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2011